

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps
vegna seyrulosunar á Hólasandi (382-I).

Skipulagsstofnun staðfesti 4. júní 2019 breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem samþykkt var í sveitarstjórn 27. mars 2019.

Í breytingunni felst nýtt iðnaðarsvæði (382-I), við hlið efnistökusvæðis Kollóttuöldu á Hólasandi, þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir söfnun og geymslu salernisskólps í lokuðum geymslutanki og nýtingu þess til uppgræðslu á sandinum. Aðkomuleið frá Kísilvegi (87) er færð lítillega til suðurs.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. júní 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.